

Skýrsla stjórnar
Orkuveitu Húsavíkur ehf. 2010



Aðalfundur 29. apríl 2011

Skýrsla stjórnar Orkuveitu Húsavíkur ehf. vegna starfsársins 2010

Almennt

Aðalfundur Orkuveitu Húsavíkur ehf. fyrir árið 2010 haldinn í stjórnarsýsluhúsi Norðurþings þann 29. apríl 2011. Í stjórn félagsins voru Bergur Elías Ágústsson, sem gegndi formennsku, Aðalsteinn Árni Baldursson og Sigurgeir Höskuldsson. Varamenn í stjórn voru Jón Grímsson og Þráinn G. Gunnarsson. Stjórn félagsins hélt 10 fundi á árinu auk aðalfundar og hluthafafundar. Einnig voru vinnufundir framkvæmdastjóra og stjórnarformanns.

Orkuveita Húsavíkur ehf. er hluthafi í nokkrum fyrirtækjum og aðili að ýmsum samtökum, s.s. Þeistareykjum ehf., Hrafnabjargavirkjun hf, Íslenskri Orku hf. og Samorku. Á árinu náðu Landsvirkjun og Orkuveitan samkomulagi um kaup Landsvirkjunar á 28,771% hlut þess síðarnefnda í hlutafélaginu Þeistareykjum ehf. Eftir kaupin á Landsvirkjun tæplega 96,7% hlut í félaginu en aðrir hluthafar eru Orkuveita Húsavíkur (3,2%) og Þingeyjarsveit (0,4% rúm).

Á fyrri hluta síðasta starfsárs voru 6 starfsmenn í fullu starfi, tveir á skrifstofu og fjórir í vinnu við kerfi Orkuveitunnar. Á síðari hluta ársins voru starfsmenn orðnir 5 er Guðmundur Annas Jónsson, verkstjóri hita- og vatnsveitu, lét af störfum fyrir aldurs sakir.

Sveitarfélagið Norðurþing á 100% hlut í Orkuveitu Húsavíkur ehf.


Verkefni Orkuveitunnar á árinu fólust í rekstri hitaveitu- og vatnsveitukerfa auk fjárhagslegrar endurskipulagningar í kjölfar sölunnar á hlut fyrirtækisins í Þeistareykjum ehf. Áður en árið var úti hafði Orkuveitan lækkað heildar skuldir sínar úr 1.659 m.kr. frá því á árinu 2009 í 1.003 m.kr., það er um 40%.

Efnahagshrun og kreppa á landinu hafði áhrif á starfsemi félagsins á árinu. Sem fyrr var aðhald og nýjum fjárfestingum haldið í lagmarki. Að öðru leyti var viðhaldi og nauðsynlegum endurnýjunum sinnt.

Hitaveita

Sala á heitu vatni stóð því sem næst í stað á milli 2009 og 2010 (sjá mynd 1). Þó dró heldur úr seldum m³ sem rekja má til þess að tíðin var góð á árinu 2010 og aukinheldur hafa umsvif fyrirtækja staðið í stað. Sölutekjur námu 144,7 m.kr. á árinu 2010 en voru 137,8 m.kr. á árinu 2009. Fjögur hús tengdust hitaveitu á árinu 2010.

Heitavatnssala á Húsavík 2001-2010



Mynd 1: Heitavatnssala á Húsavík árin 2001 til 2010, mæld í m³

Rekstur heitavatnskerfa var með ágætum á árinu. Nokkrar bilanir gerðu vart við sig og var gert við eftir því sem þær komu upp.

Orkuveita Húsavíkur á jarðhitaborholu BA-04 í landi Kelduness milli Bakkahlaups og Skjálftavatns sem boruð var á árunum 2005-2006. Á árinu 2010 var endurnýjað rannsóknarleyfi á svæðinu og stendur til að leggja lög frá holunni og láta renna í tilraunaskyni. Það er gert til að fylgjast með áhrifum vatnsins á lagnaefnið og kanna hvort útfellinga verði vart.

Borholuvatnið á Húsavíkurhöfða, sem síðustu ár hefur verið leitt í ostakarið svonefnda, var á árinu 2010 leitt í sundlaug Húsavíkur í tilraunaskyni. Gerð var tilraun til að hreinsa vatnið með rafgreiningu (ózoneringu). Tilraunin heppnaðist með ágætum og ákvað stjórn Orkuveitu Húsavíkur að fyrirtækið myndi fjárfesta í dælu sem annað gæti dælingu í heita potta í Sundlaug Húsavíkur auk ostakarsins. Dælunni verður komið fyrir á árinu 2011.

Síðastliðin ár hefur Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna heimsótt Hveravallasvæðið á árlegri ferð sinni um landið. Af því tilefni hefur Ystihver verið látinn gjósa. Hverinn er sá stærsti á Hveravallasvæðinu og hitinn í honum er við suðumark. Starfsmaður Orkuveitunnar var á svæðinu til að hafa eftirlit með gosinu auk þess að loka fyrir rennsli úr hvernum í safntank, en útfellingar myndast í vatninu við gosið. Hverinn hreinsar sig svo á næsta sólarhring eftir gosið.



Mynd 2: Ystihver

Óvenju fjölmennt var þegar Ystihver gaus í þetta skiptið. Ferðamenn sem leið áttu um svæðið stoppuðu til að berja gosið augum auk fréttamanna og birtist t.a.m. frétt þessa efnis í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins.


Vinnslueftirlit var sem fyrr í höndum ÍSOR sem tók sýni úr vinnsluholum HV-1 og HV-10 á Hveravöllum. Einnig var tekið vatnssýni í Orkustöðinni eftir að það hafði farið um miðlunartank veitunnar. Efnasamsetning vatns í Orkustöðinni endurspeglar það vatn sem veitan dreifir til notenda sinna en það er blanda af vatni úr vinnsluholum veitunnar hverju sinni. Vatnið er nánast í jafnvægi við kalk (kalít) og útfelling kalks ætti því vart að vera til vandræða. Það var sem fyrr niðurstaða ÍSOR eftir efnagreiningar á því vatni sem Orkuveita Húsavíkur dreifir til heitavatnsnota að það sé vel hæft í alla almenna heitavatnsnotkun.

Vatnsveita

Rekstur vatnsveitu gekk ágætlega á árinu. Engar endurnýjanir á vatnsveitukerfum voru á fjárfestingaáætlun ársins. Viðhaldi og viðgerðum var sinnt eftir því sem þurfti.

Sölutekjur vatnsveitu, sem innheimtar eru með fasteignagjöldum sveitarfélagsins, námu 43,7 m.kr. á árinu 2010. Vatnsgjöld fyrirtækja sem kaupa vatn eftir mæli voru 7,1 m.kr. á árinu og heildarsala kalds vatn því 51 m.kr. á árinu 2010. Eitt hús á Húsavík sótti um heimtaug fyrir kalt vatn.

Því er eins farið með kaldavatnssölu um mæli og heitavatnssölu sem bæði hafa því sem næst staðið í stað í m³ talið enda hafa umsvif fyrirtækja á staðnum staðið hafa í stað síðustu ár, sjá mynd 3.



Mynd 3: Kaldavatnssala eftir mæli á Húsavík árin 2001 til 2010, mæld í m³

Orkustöð

Samkomulag náðist á árinu milli Orkuveitu Húsavíkur ehf. og breska orkufyrirtækisins Global Geothermal um samvinnu vegna viðgerðar og enduruppbyggingar Orkustöðvar á Hrísmóum við Húsavík, án fjárhagslegrar áhættu fyrir Orkuveituna. Orkustöðin var sú fyrsta í heiminum til að framleiða rafmagn úr jarðvarma með svokallaðri Kalinataekni, sem Global Geothermal hefur einkaleyfi fyrir.

Þrálátar bilanir hafa gert rekstur Orkustöðvarinnar erfiðan frá því að stöðin var tekin í notkun árið 2000. Engin orkuframleiðsla hefur verið í stöðinni frá því bilun varð í janúar 2008. Orkufyrirtækinu



Mynd 4: Orkustöð Hrísmóum

Global Geothermal er kappsmál að raforkuframleiðsla hefjist að nýju í Orkustöðinni og fól dótturfyrirtæki sínu, Recurrent Engineering, að yfirfara vélbúnað stöðvarinnar, sinna viðgerðum og koma Orkustöðinni í fulla vinnslu á ný.

Global Geothermal mun yfirtaka stöðina meðan viðgerð fer fram. Allur viðgerðarkostnaður mun því falla á Global Geothermal, svo og rekstur og tekjur á tímabilinu. Orkuveita Húsavíkur mun leysa stöðina til sín aftur þegar sýnt hefur verið fram á rekstrarhæfni hennar.

Ýmis verkefni

Á árinu var ráðist í nokkrar endurnýjanir og framkvæmdir við dreifingu heits vatn. Á Hveravöllum var endurnýjað blástursrör við Uxahver. Þá var holutoppur borholu á Hafralæk endurnýjaður auk framkvæmda og lagfæringa við dæluhús og aðkomu að því.

Endurbætur voru gerðar á stofnlögnum við Brúnahlíð og Rauðuskriðu í Aðaldal. Bilanir höfðu verið tíðar á umræddum köflum sem breyttist til hins betra með endurnýjuninni.



Mynd 5: Endurnýjun blástursrörs við Uxahver á Hveravöllum

Tjón varð á stofnlögn hitaveitunnar við Búðarargil er vörubifreið sem ekið var undir brúna rak krana í aðveituæðina. Skemmd á rörinu hafði ekki áhrif á afhendingu vatns fyrir en gert var við en þá var vatn tekið af norðurbænum í hálfan dag.

Orkuveita Húsavíkur tók að sér á árinu eftirlit með götulýsingu Norðurþings. Eftirlitið er unnið í samráði við framkvæmda og þjónustufulltrúa sveitarfélagsins.

RARIK ohf. tók við rafdreifikerfi Húsavíkur af Orkuveitunni í upphafi árs 2010. Fyrri hluta ársins höfðu fyrirtækin samstarf um bakvaktir. Þá gerðu Orkuveitan og RARIK með sér samning sem fól í sér að Orkuveitan tók að sér að lesa á rafmagnsmæla samhliða því að lesið var á heitavatnsmæla vegna árlegs uppgjors.

Verkstjóri vatns- og hitaveitu hjá Orkuveitu Húsavíkur, Guðmundur A. Jónsson, lét af störfum á árinu fyrir aldurs sakir. Guðmundur starfaði hjá veitunni frá árinu 1976 og má með sanni segja að störf hans séu samtengd sögu hitaveitu á Húsavík. Hann var kvaddur með virktum og honum þökkúð vel unnin störf í þágu Orkuveitunnar og almennings á Húsavík.



Mynd 6: Stjórnarformaður OH og framkvæmdastjóri leysa Guðmund A. Jónsson út með gjöf

Landsvirkjun og Orkuveita Húsavíkur ehf. náðu í september 2010 samkomulagi um kaup Landsvirkjunar á 28,771% hlut Orkuveitunnar í hlutafélaginu Þeistareykjum ehf. Eftir kaupin á Landsvirkjun tæplega 96,7% hlut í félaginu en aðrir hluthafar eru Orkuveita Húsavíkur (3,2%) og Þingeyjarsveit (0,4% rúm). Við sölua varð til söluhagnaður að fjárhæð 832 m.kr. auk gangvirðisbreytinga eignarhlutans sem Orkuveitan heldur eftir að fjárhæð 86 m.kr. Salan liðkaði um fjárhag Orkuveitunnar sem notaði hluta fjármagnsins til að greiða niður lán.



Mynd 7: Frá undirritun samninga um sölu á hlut OH í Þeistareykjum ehf.

Ársreikningurinn

Í rekstrarreikningi Orkuveitu Húsavíkur ehf. fyrir 2010 kemur fram að rekstrartekjur ársins námu 191,5 m.kr. Í upphafi ársins tók RARIK ohf. við réttindum og skyldum Orkuveitunnar til dreifingar rafmagns á Húsavíkursvæðinu og Orkusalan tók við rafmagnssölu. Þetta endurspeglast í orkusölu fyrirtækisins sem lækkaði um 37% á milli árunna 2009 og 2010.

Rekstrargjöld ársins 2010 voru 100,9 m.kr. og hafa lækkað um 45% frá árinu á undan.

Hreint veltufé frá rekstri jókst um 31,5% á milli árunna 2009 og 2010, fór úr 79 m.kr. í 104 m.kr.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti (EBITDA) nam 90,6 m.kr. Afskriftir voru 151,4 m.kr., þar af 99,6 m.kr. afskrift á Orkustöð félagsins. Fyrir vikið var tap fyrir fjármagnsliði sem nemur 60,8 m.kr. en fjármagnsliðir voru jákvæðir um 1.073,6 m.kr. (þar af vegna hagnaðar af sölu eignarhluta í Þeistareykjum um 832 m.kr. og gangvirðisbreytinga hlutabréfa 86 m.kr. Þá nam gengishagnaður langtímalána 125 m.kr.). Hagnaður ársins eftir skatta nemur 870 m.kr.

Í árslok 2010 eru eignir Orkuveitunnar bókfærðar á 1.682 m.kr., skuldir 1.003 m.kr. og eigið fé á 679 m.kr. Eiginfjárhlutfall Orkuveitu Húsavíkur er 40,4%, en var neikvætt um 13% í ársbyrjun.

Lokaorð

Á árinu 2010 urðu mikil umskipti í rekstri Orkuveitu Húsavíkur ehf. Samkvæmt samkomulagi sem náðist undir lok árs 2009 milli Orkuveitunnar, RARIK og Orkusölnunnar hætti Orkuveitan öllum afskiptum af rekstri rafdreifikerfis og rafmagnssölu á smásölu markaði. Tekjur Orkuveitunnar drógust saman sem því námu. Kostnaður fyrirtækisins dróst aftur á móti meira saman en sem tekjusamdrættinum nam.

Seinnipart ársins 2010 seldi Orkuveitan 28,77% af eignarhlut sínum í Þeistareykjum ehf. til Landsvirkjunar. Við það varð til söluhagnaðar sem gerði Orkuveitunni kleift að létta á skuldabyrði og afborgunum lána.

Eftir sölu á raforkuhluta Orkuveitu Húsavíkur og sölu eignarhlutans í Þeistareykjum ehf. einbeittir Orkuveitan sér að núverandi kjarnastarfsemi, það er sölu, vinnslu og dreifingu á heitu og köldu vatni.

Í kjölfar breytinga og breyttra aðstæðna ákvað stjórn Orkuveitunnar að ráðast í framtíðar stefnumótun fyrir fyrirtækið. Sú vinna hefur verið unnin í upphafi ársins 2011 og liggja fyrir aðalfundinum tillögur að stefnumótun fyrir Orkuveituna ásamt tillögu að fjárfestingastefnu fyrirtækisins.

Árin 2008 til 2010 hafa verið ár mikilla umbreytinga. Þetta á við um Orkuveitu Húsavíkur ehf. jafnt og íslenskt viðskiptalíf almennt. Með sölu eigna hefur félagið styrkt stöðu sína og breytti rekstri í samræmi við framtíðar stefnu sem stjórn Orkuveitunnar hefur markað. Á sama tíma hefur aðhald í rekstri skilað bættri afkomu.

Nái framtíðarsýn og stefna stjórnar fram að ganga mun félagið sigla örugglega í gegnum núverandi samfélagsumrót og mun um ókomna framtíð skila góðum arði til eiganda síns og samfélags. Greiðslubyrði Orkuveitunnar er lítil næstu árin og um leið og virkjað verður á þeistareykjum mun fjárhagslegur styrkur Orkuveitu Húsavíkur verða mikill, auk þess sem tekjumöguleikar fyrirtækisins munu eflast við uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landi Bakka við Húsavík. Þrátt fyrir þessa sterku stöðu vil ég undirstrika mikilvægi aðhalds í rekstri og að áhætta sé takmörkuð við fjárfestingar.

Með þessum orðum vil ég þakka stjórn, starfsmönnum og eigenda félagsins fyrir samstarfið á liðnu ári.

Virðingarfyllst

Bergur Elías Ágústsson
Stjórnarformaður

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.